

**Nr. 17- 004 S 003 Björg Hauks ÍS 33*****Vélarvana og dregin í land***

Skipaskr.nr. 2435  
Útgerð: Útgerðarfélagið Otur ehf.  
Smíðaður: Hafnarfjörður 2000, plast  
Stærð: 9 brl. 8,3 bt.  
Mesta lengd: 9,54 m Skráð lengd: 9,51 m  
Breidd: 2,97 m Dýpt: 1,22 m  
Vél: Volvo Penta 324 kW, 2008  
Fjöldi skipverja: 2



Björg Hauks©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 3. apríl 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 13. janúar 2017 var Björg Hauks ÍS 33 á Vestfjarðamiðum. Veður: A 8-10 m/s og létt undiralda.

Óskað var eftir aðstoð þar sem öllu rafmagni hafði slegið út um borð. Björgunarskipið Gunnar Friðriksson dró bátinn til Bolungarvíkur.

**Við rannsókn kom fram:**

- að hersluskrúfa við alternatorinn losnaði og hann hætti að framleiða rafmagn en við það tæmdust út af rafgeymunum.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.